

Vogabú ehf
Vogar 1
660 Mývatn

Garðabær, 12. september 2025
202508-0050/P.V.B.
10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda Mývatn og Laxá veglagning við Voga 1

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Vogabús ehf, dagsett 15. ágúst 2025, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til lagningu vegar frá Þjóðvegi 848 að íbúðarsvæði og sumarhúsum sem er innan landareignar Voga 1. Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir lagningu vegar að svæðinu eftir annarri veglínu þann 31. október 2023. Landeigendur á þeirri leið heimiluðu ekki að farið væri um þeirra land og því þurfti að færa veginn á þá veglínu sem sótt er um í þessari umsókn. Vegurinn yrði um 200 metra langur og sá kafli sem væri innan verndarsvæðisins væri ca. 70 metra þar sem hann tengist Þjóðveginum. Kort sem sýnir fyrirhugaða legu vegarins skv. deiliskipulagi fyrir svæðið fylgdi með umsókn. Ráðgert er að fara í framkvæmdina í september til október 2025.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Náttúruverndarstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar þann 18. ágúst 2025 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 27. ágúst 2025 þar sem fram kemur að stofnunin veitti umsagnir um breytingar á deiliskipulagi og aðalskipulagi vegna breytingu frístundabyggðar í íbúðabyggð. Hér er vísað í þær umsagnir: „Skipulagssvæðið er á nútímahrauni, sem rann í Hverfellseldum fyrir um 2650 árum, og á loftmyndum má sjá að í hrauninu eru áberandi svigður eða straumgárar sem liggja þvert á rennslistefnu hraunsins. Þessi form sjást mjög vel þrátt fyrir að hraunið sé mikið til vaxið birki og auka á verndargildi hraunsins. Nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Flutningur á aðkomuvegi til norðurs og breikkun úr 3 m í 4 m auk heimildar til að gera allt að 1 m breiðan göngustíg samsíða vegi veldur umtalsvert meira raski á ósnortnu nútímahrauni en útfærsla vegarins í gildandi skipulagi og ekki eru færð rök fyrir þeirri brýnu nauðsyn sem kallar á þennan flutning. Þá mun fjölgun lóða og tvöföldun á stærð byggingarreita jafnframt leiða til meiri röskunar á nútímahrauni. Í 61. gr. laga um náttúruvernd kemur jafnframt fram að „sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.“ njóta sérstakrar verndar en ekki er víst að birkið á framkvæmdasvæðinu falli undir þetta ákvæði og ekki er vitað til þess að gróður á framkvæmdasvæðinu hafi verið skoðaður. Þá vill Náttúrufræðistofnun ítreka hófsemi í

uppbyggingu sem veldur raski á vernduðum náttúruminum og eykur álag á viðkvæmt lífríki Mývatns en vatnið er stutt frá áformuðum byggingum þó Mývatnsvegur skilji þar á milli. Taka þarf tillit til þolmarka viðkvæmrar náttúru svæðisins sem jafnframt er í jaðri verndarsvæðis Mývatns og Laxár.“

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að framkvæmdin muni hafa í för með sér töluvert rask á hrauni og gróðri/birkiskógi og að heppilegast hefði verið að byggja við veg sem liggur nú þegar að svæðinu eða fylgja þeirri veglínu sem veitt var heimild fyrir 2023. Í umsókn kemur fram að færsla vegarins mun auka öryggi gangandi vegfarenda þar sem akstri verður hætt í gegnum hlað ferðaþjónustuhús Voga. Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslag svæðisins en óveruleg áhrif á verndarsvæði Mývatns og Laxár að öðru leyti. Svæðið er skipulagt sem frístundabyggð og eru nú þegar töluvert röskuð svæði í næsta nágrenni vegna byggðar.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Vogabúi ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið ár frá dagsetningu þess bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Lágmarka skal allt rask eins og kostur er, láta veginn fylgja landslagi og sneiða fram hjá hraunborgum líkt og þeirri sem er við upphaf vegarins til að vernda ásýnd svæðisins eins og kostur er.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Við frágang á vegöxlum skal nýta staðargróður.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Jarðrask tengt framkvæmdunum skal fara fram utan varptíma fugla.
- Einungis skal aka vinnutækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi allra landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
sérfræðingur